

## 5. gr.

Kostnaður við eftirlitið, þar á meðal kaup kolaeftirlitsmanna, greiðist úr hlut-  
aðeigandi bæjar- eða sýslusjóði.

70

28. apríl

Rísi ágreiningur um kaup eftirlitsmanna skal það ákveðið af viðskiptamálaráðu-  
neytinu.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal farið með  
mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

## 7. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 176 14. sept. 1939.

## 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. apríl 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## REGLUGERÐ

71

20. maí

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

## 1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., hljóði  
svo:

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af  
hendi sterlingspund, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem  
þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna  
sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skip-  
anna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna þar  
til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera  
gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum. —  
Allan annan erlendan gjaldeyri, sem eigendur skipa og farartækja fá af framan-  
greindum ástæðum, skulu þeir afhenda bönkunum.

## 2. gr.

Upphaf 11. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigendum íslenzkra veiðiskipa, sem selja afla sinn í sterlingspundum, skal  
heimilt o. s. frv.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 20. maí 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*